



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 61. fundar skólanefndar.

Dagsetning: þriðjudagur 16. apríl 2013.

Viðstaddir: Björg Ágústsdóttir (formaður), Jón Eggert Bragason, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Helga Sveinsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Benedikt Óskarsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. **Ný skólanefnd boðin velkomin.** Nýr formaður kjörinn, Björg Ágústsdóttir. Formaður þakkaði traustið og bauð nýja nefndarmenn velkomna. Ný nefnd var skipuð og er eftirfarandi: Björg Ágústsdóttir formaður, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Sigrún Ólafsdóttir og Helga Guðmundsdóttir. Ólína Bj. Kristinsdóttir kveður skólanefnd og var þakkað fyrir störf í þágu skólanefndar. Kjartan Páll Einarsson kveður einnig og var þakkað fyrir störf í þágu skólanefndar frá upphafi.
2. **Ársreikningur 2012 kynntur fyrir skólanefnd.** Niðurstaða ársins 2012 er neikvæð um 960 þús. kr. en er þó innan fjárlaga. Niðurskurður á nemendaígildum um áramót varð þess valdandi að niðurstaða ársins reyndist neikvæð. Ársreikningar síðustu þriggja ára hafa verið settir inn á heimasíðuna. Skólanefnd tekur til athugunar birtingu ársreikninga á heimasíðu og mun koma með álit sitt á næsta fundi.
3. **Rekstraráætlun 2013 – 2015** kynnt fyrir skólanefnd. Fyrsta rekstrarframlag ársins barst 20 mars. Ekki er búið að fá þessa rekstraráætlun samþykkt. Lagt var til að Fjölbrautaskóli Snæfellinga myndi sækja um nemendagólf með 210 ársnemendum til tveggja ára, árin 2013-2014. Búið er að sækja um nemendagólf en það hefur ekki verið samþykkt. Gert er ráð fyrir að Fjölbrautaskóli Snæfellinga greiði uppsafnaðan halla, kr. 9.352.808 á árunum 2013-2014 og er nemendagólf hugsað til að auðvelda það.
4. **Skólasamningur Fjölbrautaskóla Snæfellinga við Mennta- og menningarmálaráðuneytið** ásamt viðauka fyrir árin 2013-2014 kynntur fyrir skólanefnd. Skólasamningurinn er á heimasíðu skólans.
5. **Námskrárvinna.** Skólameistari upplýsti skólanefnd um stöðu námskrárvinnu í FSN. Stefnt er að því að innrita í FSN eftir lögum nr. 92/2008 haustið 2014. Styrkur hefur fengist til námskrárvinnu að upphæð kr. 1,8 m.kr. og stendur til að skipa verkefnastjóra yfir námskrárvinnu í 25% starf.
6. **Starfsmannamál.** Skólameistari fór yfir auglýsingu sem mun birtast á starfatorgi á næstu dögum. Auglýst verður eftir starfsfólki í 50% stöðu í dönsku, efnafræði og líffræði. Auglýst er eftirfarandi afleysingarstöður í eitt ár; 75% stöðu í ensku, 100% stöðu í íslensku og 50% stöðu í spænsku. Auglýsingar munu birtast á starfatorgi, í landsblaði, á heimasíðum skólans, á heimasíðu bæjanna og fésbókarsíðu skólans. Einnig stendur til að ráða í stöðu fjármálastjóra í 6 mánuði.



Fjölbrotaskóli Snæfellinga

Hugmyndir um samantekt á atvinnuauðglýsingum á Snæfellsnesi en margar lausar stöður eru á Snæfellsnesi í dag.

7. Önnur mál

- Benedikt formaður nemendafélagsins upplýsti um stöðu nemendafélags, en fyrirhugað er að halda lokaball í þessari viku. Stemningin meðal nemenda hefur ekki verið nógu góð. Söngkeppni framhaldsskólanna er á Akureyri og keppir Særós Ósk Sævaldsdóttir fyrir hönd NFSN. Á morgun er sprellfest í skólanum.
- Stórsveit Snæfellsnes er í tónleikaröð á Snæfellsnesi.
- Foreldrafélag tók að sér gæslu á sleep over.
- Skólanefndarfolk endaði á segja frá sjálfu sér.

Fundi slitið kl. 18:30.